



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Fréttatilkynning

Nr.: **58/2009**

Efni: **Samstarf um eignarhald á HS Orku**

Sameiginleg fréttatilkynning Fjármálaráðuneytis og Iðnaðarráðuneytis.

Viðræðuhópur sem kanna skal forsendur þess að ganga til samninga við núverandi eigendur að HS Orku um kaup á meirihluta í félaginu verður skipaður á næstu dögum. Hópurinn verður skipaður af ríkinu, lífeyrissjóðum, Grindavíkurbæ, fleiri sveitafélögum auk annarra aðila sem rætt hafa samstarf um kaup á eignarhlutum í HS Orku undanfarna daga. Miðað er við að niðurstaða niðurstaða viðræðna um möguleg kaup á meirihluta hlutafjár í HS Orku liggi fyrir á næstu vikum.

Stjórnvöld vilja jafnframt að samningar vegna nýtingar jarðhita á Reykjanesi verði endurskoðaðir í tengslum við samninga HS Orku við ríkið um nýtingu orkuauðlinda í þess eigu á Reykjanesi. Þeirri endurskoðun er ætlað að taka mið af niðurstöðum nefndar á vegum forsætisráðuneytisins sem fjallar um afgang, leigutíma o.fl. fyrir nýtingu orkuauðlinda í eigu ríkisins og er að vænta fyrir árslok.

Þá leggja stjórnvöld áherslu á aðkomu sterkra eigenda að HS Orku svo gera megi fyrirtækið í stakk búið að gegna áfram mikilvægu samfélagslegu hlutverki við atvinnuuppbyggingu.

Þá munu ríkið og lífeyrissjóðirnir taka upp viðræður um mögulega aðkomu sjóðanna að öðrum verkefnum á sviði orkumála.

Reykjavík 31. ágúst 2009

